

## Hafnarnefndarfundur Skagastrandarhafnar.

Miðvikudaginn 20. apríl 2005 var fundur haldinn í hafnarnefnd í fundarherbergi að Túnbraut 1-3, kl. 17.00. Á fundinn voru mætt: Adolf J. Berndsen, Eðvarð Ingvason, Gylfi Guðjónsson, Sævar R. Hallgrímsson, Egill Bjarki Gunnarsson, Þórey Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Formaður, Adolf J. Berndsen setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Fjárhagsáætlun 2005.

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun sem hreppsnefnd hafði samþykkt. Í rekstarhluta áætlunarinnar er gert ráð fyrir að tekjur hafnarinnar verði 19.002 þús. og rekstrargjöld 15.042 þús. Rekstrarafgangur hafnarinnar er áætlaður 3.960 þús.

Í fjárfestingahluta áætlunarinnar er gert ráð fyrir að heildarfjárfestingar nemi 45.000 þús. og mótframlag ríkissjóðs 33.300 þús. Nettó fjárfesting er því áætluð 11.700 þús. Framkvæmdir voru ræddar og ákveðið að halda fyrri áætlunum um dýpkun. Hafnarnefnd gerði ekki sérstakar athugasemdir vegna áætlunarinnar

### 2. Gjaldskrá hafnarinnar.

Fyrir fundinum lá tillaga sveitarstjóra að gjaldskrá hafnarinnar. Hafnarnefndarmenn yfirfóru tillöguna og ræddu gjaldskrána og gerðu á henni nokkrar breytingar. Gjaldskráin var síðan samþykkt.

### 3. Bréf:

a) Örva ehf. dags. 1. des. 2004.

Með bréfinu er farið fram á að höfnin standi straum af kostnaði vegna kranabíls sem fengin var til löndunar þegar löndun var ekki talin ganga nægjanlega vel með því að nota einn hafnarkrana. Mikil umræða varð um erindið. Hafnarnefnd hafnaði ósk um greiðslu eldri reikninga. Hafnarnefnd samþykkti með 3 atkvæðum gegn 2 að greiða kostnað vegna kranabíls þegar það er mat hafnarvarðar að slíkt sé nauðsynlegt.

b) Landverndar 4. jan. 2005.

Með bréfinu er vakin athygli á Bláfánanum og hvatt til að hafnarnefnd íhugi hvort hann geti veitt gagnlega leiðsögn um verndun umhverfis og bætt öryggismál. Bréfið var til kynningar.

c) Siglingastofnunar, dags. 28.12.2004.

Í bréfinu er greint frá því að höfnin fái styrk til úrbóta á öryggisbúnaði m.a. uppsetningu stiga á Miðgarði ofl. Styrkurinn miðast við 60% af framkvæmdakostnaði þó að hámarki 600.000 kr. Bréfið var til kynningar.

d) Lárusar Ægis Guðmundssonar, dags. 28.02.2005.  
Í bréfinu bendir Lárus á að brýn þörf sé á að bæta við öðrum hafnarkrana vegna fjölgunar báta sem landa afla sínum á höfninni.  
Tillaga formanns um að höfnin kaupi annan hafnarkrana var samþykkt með 4 samhljóða atkvæðum.

e) Lárusar Ægis Guðmundssonar, dags. 31.03.2005.  
Í bréfinu er vakin athygli á að nauðsynlegt sé að setja upp litla vog við hlið bílavogarinnar til að mögulegt sé að vigta af nákvæmni minni einingar.  
Sveitarstjóri upplýsti að hann hafi þegar keypt vog.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 19.35

Adolf J. Berndsen

Magnús B. Jónsson

Gylfi Guðjónsson

Sævar Hallgrímsson

Eðvarð Ingvason

Bjarki Gunnarsson

Þórey Jónsdóttir.